



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Fjármagn sem ætlað er til innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Fyrir hönd sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, er óskað eftir að fjármagn það sem kveðið er á um í reglugerð nr. 1455/202 og kemur í hlut Reykjavíkurborgar vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, verði skipt milli sviðanna með þeim hætti sem tilgreindur er í meðfylgjandi minnisblaði.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson og Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Fjármagn sem ætlað er til innleiðingar nýrra samþættingarlaga¹*

Forsaga:

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Lögin kveða á um að sveitarfélögin þurfi að mæta tilteknum skilyrðum varðandi innleiðingu nýrra hugtaka í þjónustu vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Þjónustan varðar tvö ný hugtök; tengilið og málstjóra. Tengiliður er aðili innan fyrsta stigs þjónustukerfisins og er foreldrum aðgengilegur og til boða óski foreldrar þess. Þegar og ef málefni barns verða það umfangsmikil og fjölþætt að sérstakur aðili þarf að koma foreldrum til aðstoðar þarf sveitarfélag einnig að bjóða þjónustu málstjóra sem tilheyrir öðru og/eða þriðja þjónustustigi.

Í ráðum beggja sviða og borgarráði á árinu 2021, var ákveðið að innleiða Betri borg fyrir börn í öll þjónustuverfi borgarinnar, til þess meðal annars að geta með markvissari hætti brugðist við þeim breytingum sem lögin kalla eftir.

Samþykkt var að fela sviðstjórum að innleiða þessar breytingar í gegnum verkefnastjórn. Vegna innleiðingar þessara nýju hugtaka þarf að nýta það fjármagn sem kveðið er á um í reglugerð 1455/202, en ríkið hefur þegar lagt út fyrir þessum kostnaði.

Viðmiðin eru tvíþætt. Annars vegar er þeim eittþúsund og eitthundrað milljónum sem ætlaðar eru til sveitarfélaganna skipt eftir tiltekinni prósentutölu, þar sem Reykjavík fær 36,1303% af þeirri fjárhæð – eða 398.878.613 kr. Hins vegar er svo skiptingin milli þjónustustiganna, en þar fær skóla- og frístundasvið 60% af fjármagninu, enda sinnir sviðið megninu af skilgreindri 1. stigs þjónustu samkvæmt lögnum. Velferðarsvið fær 40% af fjármagninu, enda sinnir sviðið bæði 2. og 3. stigs þjónustu samkvæmt lögnum.

Tafla 1 sýnir skiptinguna milli skóla- og frístundasviðs (1. þjónustustigs – tengiliðir) og velferðarsviðs (2. þjónustustigs – málstjórar)

Tafla 1.

¹ [Sjá reglugerð númer 1455/2021 um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022.](#)

Heildarfjármagn frá ríki til sveitarfélaga	1.104.000.000
Hlutur Reykjavíkurborgar 36,1303 %	398.878.613
Hlutur Skóla- og frístundasviðs í framlagi til Reykjavíkurborgar 60%	239.327.167
Hlutur Velferðarsviðs í framlagi til Reykjavíkurborgar 40%	<u>159.551.445</u>
Samtals hlutur sviða Reykjavíkurborgar:	<u>398.878.613</u>

Fyrir hönd beggja sviða er óskað eftir að fjármagnið verði fært í fjárhagsramma sviðanna, svo þau geti innleitt lögbundna þjónustu við börn, fjölskyldur og stofnanir.